

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2021



Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur J Kjerúlf formaður, Arnheiðarstöðum
Einar Sveinn Friðriksson, gjaldkeri Valþjófsstað
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórnir sjóðsins funduðu 2. sinnum á árinu. Alls bárust 14 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar, 11 þeirra luku landbótum og fengu greitt. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 8.250.000 kr. af þeirri upphæð er reiknað með að fari um 800.000 kr í rekstur sjóðsins og því til úthlutunar landbóta, 7.450.000 kr sem endaði til úthlutunar í 7.403.562 kr. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 9.261.389 króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn fær hærri styrk en kr 700.000. (9,5.% af úthlutun). Umsóknir undir 450.000 kr eru ekki skertar. Úthlutun styrkja er 1,6% til 9,5.% af úthlutun. Tekið skal fram að þessi vinnuregla gildir aðeins fyrir árið 2021. Að hverju sinni verður að haga úthlutun eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir. Það er nokkuð ljóst að fjármunir sjóðsins hafa minnkað verulega sem eðlilegt er, því að um það bil 2 ár eru eftir, en stjórn sjóðsins hefur hug á að kynna sér hvort hægt sé að ná meiri fjármunum inn í sjóðinn.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2021 varð kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	6,390.000. kr
Laun og launatengd gjöld	89.650. kr
Reikningsleg aðstoð	509,480. kr
<u>Auglýsingar</u>	<u>21,700. kr</u>
SAMTALS	7,010,830. kr.

Þess má geta að sjóðurinn fékk endurgreiddann virðisaukaskatt að upphæð 122,275 kr. vegna bókhaldskostnaðar.

Framkvæmdir 2021

Eftirfarandi 14 verkefni voru samþykkt en 3 aðilar hættu við framkvæmdir:

- Vallholt. Hálsinn frá Ranaskógi að landamerkjum við Hrafnkeksstöði. Gilsáreyri neðan við túnið.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru ofan bæinn, Tófuaxlarháls, Lækjardalur, ysti hluti Gilsárdals og nágrenni, markmið styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan þjóðveggar. Gróðursnaud svæði, harðvelli og móar. Milligirðing, með fram Bæjarlæk, ofan við Vörðuklöpp og svæði kringum Háahraun. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er neðst í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, svæði í Melgræfum, inn í Teig, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar, urðir og börð í Melafjalli.
- Brekkuagerði. Sótt um landbætur og samþykkt en ekki framkvæmt neitt og því engar lansbætur greiddar.
- Víðivallagerði. Sótt um landbætur og samþykkt en ekki framkvæmt neitt og því engar landbætur greiddar.
- Skriðuklaustur Sótt um landbætur og samþykkt en ekki framkvæmt neitt og engar landbætur greiddar.

-Droplaugarstaðir.

Dreifing áburðar til að styrkja staðgróður og sáning á lúpínufræi, sáning á grasfræi til að stöðva jarðvegsfök og loka rofabörðum.

-Brekka. Áreyrar utan við veg að Jökulsá á Hólum. Áburðarbeifing í fjall ofan Brekku inn við Selgil og upp undir Fénaðarhlíð.

-Egilsstaðir. Aðgerðir gegn landeyðingu vegna frosts og ágangs sauðfjárs. Svæðið nær frá Hlaupalæknum inn að Kleifarás, sem sagt innsti hluti jarðarinnar Egilsstaða í Fljótsdal.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

-Vallholt, 6 tonn af áburði borinn á 50 ha.

-Hrafneisstaðir, 6,tonn af áburði borinn á 50 ha.

-Arnheiðarstaðir, 6, tonn af áburði borinn á 25 ha.

-Víðivellir Fremri, 4,2 tonn af áburði borinn á 90 ha.

-Víðavallagerði, 0 tonn, 0 ha.

-Valþjófsstaður 2 . 6, tonn af áburði borinn á 30. ha

-Bessastaðagerði, 6,6 tonn af áburði borinn á 35 ha.

-Eyrarland, 6 tonn af áburði borinn á 50 ha.

-Melar, 6, tonn af áburði borinn á 25 ha.

-Skriðuklaustur, 0 tonn, 0 ha.

- Brekkugerði, 0 tonn af áburði borinn á 0 ha.

-Droplaugarstaðir, 0,6 tonn áburður, 30kg grasfræ borið á 4 ha.

-Brekka, 7,2 tonn af áburði borinn á 45 ha.

-Egilsstaðir , 2 tonn af áburði borinn á 5 ha.

Samtals var dreift rúmlega 56,6 tonnum af áburði, 30,kg grasfræ á 409, ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps

